



# Álfheimafréttir



Leikskólinn Álfheimar

29. árangur, 8. tölublað

## Hjóladagar—bíllausir dagar

2 maí og 22. maí eru hjóladagar hjá okkur. Þá lokum við bílplaninu fyrir bílaumferð um 9:00 og hjólum á planinu.

Börnin hvött til að koma með hjólin sín en nauðsynlegt er að vera með hjólahjálms.

Þessir dagar eru fyrsti og síðasti dagur “Hjólað í vinnuna”.

Að venju eru þessir dagar bíllausir dagar í Álfheimum og hvetjum við alla til að nýta umhverfsvænni leiðir til að koma í leikskólann þessa daga, eins og t.d. hjólandi.



## Á döfinni

- 17. maí—hvítur dagur
- 22. maí - Hjóladagur - Bíllaus dagur
- 23. maí - Vorhátíð Gullanna í Grenndinni
- 24. maí - útskriftarferð elstu barna
- 31. maí—útskrift elstu barnanna
- 7. júní—Vorhátíð
- 12. júní—starfsdagur—leikskólinn lokaður
- 21. júní—rugldagur
- 5. júlí - sumarleyfi hefst - leikskólinn opnar aftur 9. ágúst

## Uppsögn á leikskólaplássi

Foreldrar þeirra barna sem fara í skóla í haust þurfa að segja upp í síðasta lagi 15. mánuðinn áður en barnið hættir. Sem dæmi: Barn hættir í leikskólanum 1. júlí - segja þarf upp fyrir 15. júní.

Leikskólinn Álfheimar  
Sólvellir 8  
800 Selfoss  
alfheimar@arborg.is  
alfheimar.arborg.is  
480 3240

480 3242 - leikskólastjóri  
480 3244 - Álfasteinn  
480 3245 - Dvergasteinn  
480 3246 - Óskasteinn  
480 3247 - Völusteinn

## Opnunartími leikskólans

Við minnum á að leikskólinn er opinn frá 7:45-16:30 og mikilvægt er að foreldrar virði þann vistunartíma sem börn þeirra eru með.

Ef foreldrar þurfa að breyta vistunartíma þarf að sækja um það fyrir 15. hvers mánaðar.

Vljum einnig minna á að læsa alltaf millihurðum á leið inni og út úr skólanum.

## Útskrift

Útskrift elstu barnanna í  
Álfheimum fer fram í sal  
Vallaskóla, fimmtudaginn 31.  
maí. Nánar auglýst síðar.

## Útskriftarferð

Elstu börnin fara í útskriftarferð  
miðvikudaginn 24. maí.  
Mikilvægt að allir á Völusteini  
séu mættir í leikskólann  
klukkan 9:00.

Af gefnu tilefni viljum við benda á að  
öll neysla hvers kyns tóbaks og  
vímefta er stranglega bönnuð í og við  
leikskólann.

## Sýningar á þemaverkefnum

Fimmtudaginn 22. mars héldu börnin á Álfasteini sýningu um Krummaverkefnið sem þau hafa unnið frá áramótum. Þau sungu nokkur lög og á veggjum mátti sjá ýmis listaverk af Krumma. Sjá nánar í frétt á heimasíðunni: <http://alfheimar.arborg.is/krummaverkefni-a-alfasteini/>

Fimmtudaginn 12. apríl buðu börnin á Völusteini foreldrum að koma og sjá afrakstur af vinnustaðþema sem börnin hafa verið að vinna með á vorönn. Á heimasíðunni má sjá frétt um verkefnið og sýninguna: <http://alfheimar.arborg.is/vinnustadathema-a-volusteini/>

Föstudaginn 11. maí buðu börnin á Óskasteini á sýningu þar sem þau sýndu afrakstur sinnar vinnu, en þau hafa verið að fræðast um Selfoss og nánsta umhverfi: <http://alfheimar.arborg.is/syning-a-oskasteini/>



## Samstarf við Háskólann Artevelde - Belgískir nemar

Samstarf okkar við Háskólann Artevelde heldur áfram. 19. - 23. mars komu fjórir nemar til okkar og 28. - 31. maí koma þrír nemar.

Nemarnir skipta sér niður á deildir og fylgjast með og taka þátt í starfinu. Einnig fá þeir stuttan fyrirlestur um leikskólann og starfið.

Í lok heimsóknarinnar í mars fluttu nemarnir fyrirlestur fyrir okkur þar sem þær sögðu frá því sem þær höfðu lært þessa viku, hvað þær vildu taka með sér til Belgíu og ábendingar um hvað við gætum lært af þeim og skólastarfi í Belgíu.

Á næsta ári stefnir starfsfólk leikskólans á að fara í námsferð til Belgíu en þar mun háskólinn skipuleggja fyrir okkur skólaheimsóknir og fyrirlestra.

### Fundargerð foreldraráðs

Fundur í foreldraráði Álfheima 2. maí 2018

Mættir: Jóhanna, Salome, Gunnhildur, Ása og Jóhanna (leikskólastjóri).

**Útskriftargjöf.** Freistingarsjoppan er hætt að merkja handklæði. Ása leitaði tilboða. Ódýrast er að kaupa handklæði hjá Rúmfatalagernum og láta Hönnu Birnu sem tekur að sér svona verkefni að merkja. Ása ætlar að ath með Öldu sem er með Hannyrdabúðina.

**Staðan er 233.729.** Það á eftir að koma reikningur fyrir leikritinu sem var sýnt í síðasta mánuði (Pétur og úlfurinn). Kostn. 70.000. Staðan eftir að það verður greitt er 163.728.

**Aðalfundur foreldrafélagsins** þarf að vera í maí. Auglýsa þarf með 2-3 vikna fyrirvara. Verður miðvikudaginn 23. maí 2018 kl. 20:00. Ása hengir upp auglýsingu fyrir helgi.

**Vorhátíð 7. júní.** Geit, lögregla, sjúkrabíll, slökkvibíll, andlitsmálun, pylsur, tala við Jötunvélar.

Hugmynd um að foreldrafélagið gefi leikskólanum Buff til eignar. Buff merkt leikskólanum Álfheimum (grænt) til að hægt sé að einkenna börnin við sérstök tækifæri.